

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga - endurskoðun.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 1. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga. Um er að ræða endurskoðun vesturhluta deiliskipulagsins og uppfærslu austurhluta svæðisins. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti 8. desember 2021 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi þriðja áfanga Hellnahrauns. Vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 heyrir svæðið til landnýtingarflokks AT3 athafnasvæðis í stað flokka B1 (AT3) og B2 (I3). Breytingin felur einnig í sér að byggingarreitir stækki, bundnar byggingarlínur falli niður og nýtingarhlutfall hækki úr 0,5 í 0,6. Hámarks-hæð bygginga verði 12 m í stað 8,5 m, heimilað verði að sameina lóðir og að hnika til innkeyrslum skv. skilmálum. Lóðum veitustofnana fjölgi á svæðinu og gert verði ráð fyrir tveimur nýjum tengingum út úr hverfinu til suðurs. Tillagan var auglýst 14. desember 2021 - 25. janúar 2022. Engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð breytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 25. mars 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. apríl 2022